

Alþingi
Erindi nr. P 136/474
komudagur 15.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um friálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002. (179. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frelsi launafólks frá Búlgaríu og Rúmeníu til Íslands verði takmarkað til 1. janúar 2012, líkt og heimilt er í reglugerð ESB nr. 1612/68

Viðskiptaráð getur ekki fallist á að frelsi launþega frá öðrum EES löndum til Íslands verði takmarkað og skiptir engu um hvaða EES land ræðir, enda er engin þörf á slíkum takmörkunum. Rök greinargerðarinnar er að núverandi aðstæður á innlendum vinnumarkaði og óvissa um þróunina leiði til þess að framlengja eigi núverandi höft til 3 ára. Því miður halda þessi rök ekki vatni. Erlendir launþegar hafa flutt af landi brott í stórum stíl á undanförunum mánuðum enda er hér litla sem enga vinnu að fá – sérstaklega ekki á þeim mörkuðum þar sem þörfin fyrir þá var mest. Það liggur einnig fyrir að núverandi ástand mun vara í einhvern tíma og þar með liggur fyrir að lítil sem enginn hvati er fyrir launþega frá öðrum EES löndum að sækja Ísland heim í atvinnutengdum tilgangi. Þó svo slíkm hvata væri til að dreifa þá stendur íslenskum launþegum engin ógn af þeim erlendu – enda eru þeir að fullu samkeppnishæfir og gott betur.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs